

Fundargerð



1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Verkfundur #14 Ljósleiðaraverkefni í Rangárþingi ytra
1.2. **Dagsetning:** 14.6.2017 **Fundartími:** 9:00 – 11:00
1.3. **Staður:** Skrifstofa Rangárþings ytra, Hellu
1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daniélsson (GD)
1.5. **Mættir:** Guðmundur Daniélsson(GD), Ólafur Einarsson(ÓE), Gunnar Þorsteinsson(GP), Lúdvíg Þorfinnsson (LP), Sævar Eiríksson (SE).

2. Dagskrá

- 2.1. Útistandandi atriði frá þrettánda verkfundi
- 2.2. Framgangur við þá áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varða efni fundarins

3. Umræður

- 3.1. Útistandandi atriði frá verkfundi 13 rædd. Allar tengimyndir og önnur gögn eru nú í höndum verktaka. Breyta þarf mynd vegna sumarhúshverfis við Ketilhúshaga. GD sendir uppfærð gögn.
- 3.2. Farið var yfir stöðu verksins. 144leiðara strengur er lagður af stað frá Finnlandi. Verður í höndum verktaka mánudaginn 19. Júní. Þá verður hafist handa við að blása honum í það sem upp á vantar í áfanga 8 og áfanga 10. Búið er að grafa inn rör frá brunni við Arion banka að tengimiðju og sú leið tilbúin. Blásið verður streng í það í vikunni ásamt því að strengur verður tengdur upp í tengimiðjunni. Þar með er allt klárt til að klára áfanga 8,9 og 11 eftir að 144 leiðara hefur verið blásið í. Unnið er að lagningu rörs í gegnum Hellu ásamt niðurstetningu brunna í áfanga 10 og 12. Allri jarðvinnu er lokið í áfanga 11 og unnið er að frágangi í þeim áfanga. LP athuga nákvæma stöðu á áfanganum og í samráði við GD ákveður færslu á 96leiðara streng yfir á nýja stofnleið inn í tengimiðju.
- 3.3. GD lætur taka til veggskápa og tengitunnur. GP sagðist vera með menn í RVK sem geti sótt vörurnar síðar í dag.
- 3.4. Staða verksins er eftirfarandi:
- 3.5. Áfangi 11 er næstur að klárast. Jarðvinnu lokið og verið að tengja á heimilum.
- 3.6. Þá áfangi 8 og 9. Frágangi á heimilum í áfanga 9 er lokið, unnið er að frágangi á heimilum í áfanga 8 og í framhaldi af komi 144leiðara strengs lýkur þeim áföngum.
- 3.7. Skortur á streng tefur því gangsetningu í áfanga 8 og 9 en ekki er útlit fyrir að tafir verði á verklokum verksins í heild vegna þessa.
- 3.8. Farið var yfir útistandandi atriði. Ákveðið að GD útbúi lista yfir þau atriði og sendi á fundarmenn sem geta bætt á listann því sem vitað er til að standi út af. Til verði þar með endanlegur listi yfir viðbætur og úrbætur sem verktaki getur unnið markvist niður áður en til lokaúttektar kemur.
- 3.9. Erfiðlega hefur gengið að komast inn á tvö heimili í áfanga 11. SE athugar málið og liðkar fyrir því að hægt sé að klára tengingar við þau svo ljúka megi áfanganum.
- 3.10. Annað ekki rætt og fundi slitið.
- 3.11. Undir liðnum önnur mál var mælingamálið rætt. GP spurðist fyrir hvort að útgefin afstaða væri endanleg og GD svaraði því til að svo væri nema ókomin gögn leiddu til annarra niðurstöðu. Umræða skapaðist um málið og frekari framvinda er á höndum verktaka verksins ef til kemur.
- 3.12. Fleira ekki rætt og fundi slitið.



4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. GD sendir uppfærð gögn vegna Ketilhúshaga.
- 4.2. LP athugar stöðu á áfanga 11 svo hægt sé að ákveða tilfærslu á 96 leiðara streng.
- 4.3. GD gerir vöru klárar í RVK svo TRS geti sótt
- 4.4. GD útbýr lista yfir útistandandi atriði og sendir á fundarmenn.
- 4.5. SE athuga með lykla/aðgengi að tveimur húsum í áfanga 11.